

Aðalfundur SOS Barnaþorpanna			
Fundardagur og tími:	08.5.2023, 17:35-18:50	Fundarstaður:	Hábraut 1a
Pátttakendur:	<p>Auður Anna Kristín Pedersen, Kristján Þórarinn Davíðsson, María Friðgerður Rúriksdóttir, Þorsteinn Arnórsson, Ólafur Örn Ingólfsson, Hildur Hörn Daðadóttir, Ingibjörg E. Garðarsdóttir, Nichole Leigh Mosty, Friðrika J Sigurgeirsdóttir, Jón Ingvar Haraldsson, Valdís Fjölнисdóttir, Valdís Þóra Gunnarsdóttir, Berglind Ragnarsdóttir.</p> <p>Starfsmenn SOS: Auður Ösp Gylfadóttir, Katrín Guðlaugsdóttir, Hans Steinar Bjarnason, Ragnar Schram og Raket Lind Hauksdóttir.</p> <p>Ernst&Young: Sigurður M. Jónsson og Anna Þ. Benediktsdóttir.</p>		

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar og varamanna
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjald
8. Önnur mál

Fundur settur, kosning fundarstjóra og fundarritara og breyting á dagskrá fundarins

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS Barnaþorpanna setti fund kl. 17:35.

Formaður stjórnar lagði til að hann sjálfur tæki að sér fundarstjórn og var tillagan samþykkt einróma. Þá lagði hann til að Raket Lind Hauksdóttir fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

Fundarstjóri lagði til breytingu á dagskrá fundarins þannig að sjötti liður á dagskrá „Ákvörðun um breytingar á samþykktum“ yrði færður fremst í dagskrána. Ástæðan var sú að fyrir fundinum lá breytingartillaga á samþykktum þess efnis að í stað þriggja manna stjórnar og tveggja varamanna yrði stjórn fimm manna og varamenn engir. Fundarstjóri bar breytingu á dagskrá upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Dagskrá fundarins var því eftirfarandi:

1. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kosning endurskoðanda
7. Ákvörðun félagsgjald
8. Önnur mál

1) Ákvörðun um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri fór yfir tillögur að lagabreytingum sem voru eftirfarandi :

Breytingartillaga á grein 6.4: Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Lagagrein eins og hún var í gildandi samþykktum á fundinum (fyrir breytingartillögu): Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
4. Kosning stjórnar og varamanna
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Breytingartillaga á grein 7.1: Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð fimm mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Skal hvort kyn eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Lagagrein eins og hún var í gildandi samþykktum á fundinum (fyrir breytingartillögu): Æðsta vald í málefnum samtakanna er í höndum stjórnar. Stjórn samtakanna er skipuð þremur mönnum; stjórnarformanni, varaformanni og stjórnarmanni og skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á að skipuleggja starfsemi samtakanna. Fjármagn samtakanna skal nýtt í samræmi við reglur og tilgang samtakanna samkvæmt 2. gr.

Hvert ár skal nýr stjórnarmaður kosinn á aðalfundi. Aðeins félagar samtakanna geta verið stjórnarmenn.

Varamenn, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi stjórnar og eru án atkvæðisréttar.

Breytingartillaga á grein 7.2: Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega eru ýmist kosnir einn eða tveir stjórnarmenn, nema stjórnarmaður láti af störfum, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið.

Lagagrein eins og hún var í gildandi samþykktum á fundinum (fyrir breytingartillögu): Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Árlega er kosinn einn stjórnarmaður, nema stjórnarmaður láti af störf-

um, er þá einnig kosið um sæti fráfarandi stjórnarmanns það sem eftir er af kjörtímabili hans. Stjórnarseta er takmörkuð við þrjú kjörtímabil. Ef ekki eru nýir frambjóðendur, getur fráfarandi stjórnarmaður setið fjórða kjörtímabilið.

Breytingartillaga á grein 7.3: Lagt var til að fella þessa grein út sem þýðir að þær greinar sem á eftir koma undir grein sjö sem fjallar um stjórn lækka um eitt númer.

Lagagrein eins og hún var í gildandi samþykktum á fundinum (fyrir breytingartillögu): Ár hvert skal á aðalfundi kjósa einn varamann og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40% samanlagt fyrir stjórnarmenn og varamenn. Varamenn eru tveir og eru kosnir til tveggja ára í senn.

Breytingartillaga á grein 7.5 (grein 7.4 sé samþykkt að fella út grein 7.3): Stjórn samtakanna skal funda eins oft og þörf krefur en að lágmarki fjórum sinnum á ári. Stjórnarformaður skal boða skriflega til fundarins. Í fjarveru formanns skal varaformaður boða til fundar, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Tveir eða fleiri stjórnarmenn geta óskað eftir að stjórnarformaður boði til aukafundar. Með beiðninni skal fylgja fundarefni.

Lagagrein eins og hún var í gildandi samþykktum á fundinum (fyrir breytingartillögu): Stjórn samtakanna skal funda eins oft og þörf krefur en að lágmarki fjórum sinnum á ári. Stjórnarformaður skal boða skriflega til fundarins. Í fjarveru formanns skal varaformaður boða til fundar, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þriðjungur stjórnarmanna getur óskað eftir að stjórnarformaður boði til aukafundar. Með beiðninni skal að fylgja fundarefni.

Fundarstjóri bar tillögur að lagabreytingum í heild sinni upp til samþykktar og voru þær samþykktar einróma.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bað framkvæmdastjóra að fara yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði úr starfsemi SOS á liðnu ári.

Að lokinni yfirferð þakkaði fundarstjóri öllum sem lögðu hönd á plóg á árinu fyrir vel unnin verk.

3) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna fór yfir ársreikning 2022 og helstu breytingar milli áranna 2022 og 2021.

Spurningar bárust frá þátttakendum fundarins um muninn á kostnaðarliðunum tilkostnaður vegna fjáröflunar og markaðs- og kynningarmál. Í svari fjármála- og fjáröflunarstjóra kom fram að kostnaður vegna innheimtu styrkja í heimabanka, á greiðslukortum og við útsendingu greiðsluseðla til fyrirtækja sé færður undir liðinn tilkostnaður við fjáröflun. Auk þess sagði fjármálastjóri að sjónvarpsefni sem framkvæmdastjóri minntist á í skýrslu stjórnar og var framleitt í fjáröflunarskyni hafi verið fært undir þennan lið. Almennar birtingar, gerð markaðs- og kynningarefnis er fært undir liðinn markaðs- og kynningarmál.

Þá var spurt um liðinn aðkeypt þjónusta og ráðgjöf sem tilgreint er í skýringarlið nr. 7 og var því svarað til að þetta væri að mestu kostnaður vegna endurskoðunar en auk þess var keypt önnur þjónusta af Ernst&Young í tengslum við verðbréfasafn SOS Barnaþorpanna.

Að lokum var spurt hvernig hlutfallsskipting SOS Barnaþorpanna og utanríkisráðuneytisins væri í verkefnum vegna rammisamnings. Var því svarað þannig að að hámarki mætti nýta fjármagn innan

rammasamnings til þess að fjármagana 80% af verkefnakostnaði og SOS Barnaþorpin þyrftu að minnsta kosti að útvega fjármagn fyrir 20% af verkefnakostnaði.

Fundarstjóri bar ársreikning 2022 upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

4) Lausn stjórnar og annarra ábyrgða

Ólafur Örn Ingólfsson stjórnarmaður og Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir varamaður í stjórn hafa lokið tímabili sínu í stjórn SOS Barnaþorpanna og ganga þau úr stjórn.

5) Kosning stjórnar og varamanna

Þar sem samþykkt var breytingatillaga um að stjórn skuli ekki vera með varamenn, heldur skuli fjölga aðalmönnum í fimm, var kosið um tvo aðalmenn til þriggja ára.

Fundarstjóri upplýsti um kynjakvóta þann sem kveðið er á um í samþykktum félagsins og munu því annað hvort tveir karlar eða ein kona og einn karl verða kosin í stjórn.

Fundarstjóri bað frambjóðendur um að kynna sig á tveimur mínútum. Frambjóðendur kynntu sig og var farið eftir stafrófsröð:

- Ingibjörg Garðarsdóttir, verkefnastjóri
- Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður
- Ólafur Örn Ingólfsson, hagfræðingur
- Valdís Fjölfnisdóttir, framkvæmdastjóri
- Þorsteinn Arnórsson, fjármálastjóri

Fundarstjóri lagði til að Valdís Þóra Gunnarsdóttir og Katrín Guðlaugsdóttir mynduðu kjörstjórn og önnuðust framkvæmd kosninga.

Gengið var til kosninga og var stutt hlé gert á fundinum á meðan atkvæði voru talin. Fundarstjóri kynnti niðurstöður kosninga og voru það Ólafur Örn Ingólfsson og Þorsteinn Arnórsson sem hlutu flest atkvæði og þar með kjör í stjórn. Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið.

Þá þakkaði fundarstjóri öllum sem í framboði voru fyrir að gefa kost á sér.

6) Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri upplýsti að stjórn vildi leggja til við fundinn að Ernst&Young (EY) yrði áfram endurskoðandi SOS Barnaþorpanna. Var það samþykkt einróma.

7) Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri upplýsti að stjórn SOS Barnaþorpanna legði til við fundinn að félagsgjald yrði óbreytt, þ.e. 2.500 kr. á ári. Var það samþykkt einróma.

8) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

María Rúriksdóttir stjórnarmaður SOS Barnaþorpanna tók til máls og þakkaði Ingibjörgu Garðarsdóttur sem var að ganga úr stjórn fyrir hennar góðu störf í þágu samtakanna í gegnum árin. Framkvæmdastjóri tók undir orð Maríu og ítrekaði þakkar til Ingibjargar fyrir störf hennar í þágu samtakanna.

Fundarstjóri óskaði eftir því við fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var það samþykkt einróma.

Að lokum þakkaði fundarstjóri öllum fyrir komuna og fyrir að leggja starfi SOS Barnaþorpanna lið.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 18:50.